

# Verum viss um að þú sért þú

Áreiðanleikakönnun lögaðila  
hjá fjármálafyrirtækjum

## Sameiginleg ábyrgð

Peningaþvætti er ólöglegt. Til að koma í veg fyrir peningaþvætti þurfa fjármálafyrirtæki að treysta á samvinnu við viðskiptavinina sína. Þetta er gert með reglulegum áreiðanleikakönnunum.

Í lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti eru kröfur lagðar á fjármálafyrirtæki til að koma í veg fyrir þetta alþjóðlega vandamál, sem er talið ein af undirstöðum skipulagðrar glæpastarfsemi. Þess vegna ber öllum fjármálafyrirtækjum skylda til að þekkja alla viðskiptavinina sína. Til að framfylgja þessum kröfum framkvæma fjármálafyrirtæki áreiðanleikakönnun við upphaf viðskiptasambands og reglulega meðan á því stendur. Viðskiptavinir mega því alltaf búast við að vera spurðir spurninga eða að kallað verði eftir gögnum.

Ef reglunum er ekki fylgt þarf fjármálafyrirtæki að hafna nýjum viðskiptum eða binda endi á viðskiptasamband.

## Áreiðanleikakönnun

Með áreiðanleikakönnun vilja fjármálafyrirtæki tryggja að upplýsingar um viðskiptavinum séu ávallt réttar. Þannig stuðla þau að öryggi viðskiptavina sinna.

Fjármálafyrirtækjum ber skylda til að staðfesta upplýsingar um starfsemi, eignarhald og stjórn-skipulag lögaðila sem eru viðskiptavinir þeirra. Áhersla er lögð á að afla fullnægjandi upplýsinga um raunverulegan eiganda viðskiptavinar og að viðkomandi geti sannað á sér deili. Þetta á einnig við um þá sem eru í þeirri stöðu að geta haft áhrif á starfsemi og rekstur viðskiptavinar. Samræmist niðurstöður ekki áhættustefnu er heimilt að hafna eða slíta viðskiptasambandi.

## Frekari upplýsingar

Viðskiptavinir geta leitað til viðkomandi fjármála-fyrirtækis til að fá frekari útskýringar eða ef þeir telja erfiðleikum bundið að verða við beiðni um upplýsingar.

**Skv. lögum þurfa fjármálafyrirtæki að safna persónuupplýsingum. Vinnsla þessara upplýsinga er í samræmi við lög um persónuvernd og fer einungis fram þegar málefnalegar ástæður eru fyrir hendi og hún er nauðsynleg í því skyni að uppfylla lagakröfur.**



## Aukin áreiðanleikakönnun

Undir vissum kringumstæðum þarf að framkvæma aukna áreiðanleikakönnun, til að tryggja að fyrirliggjandi upplýsingar um viðskiptavinum séu réttar. Þá er kallað eftir ítarlegri upplýsingum, svo sem um raunverulegan eiganda, þá sem geta haft áhrif á starfsemi og rekstur viðskiptavinar, þá sem hafa heimild til að koma fram fyrir hönd hans og aðra. Aukin áreiðanleikakönnun er framkvæmd þegar:

- > Lögaðilar, fjárvörslusjóðir eða sambærilegir aðilar eru staðsettir í áhættusömum eða ósamvinnuþýðum ríkjum skv. lista eftirlitsaðila.
- > Um er að ræða millibankaviðskipti yfir landamæri við aðila frá löndum utan EES.
- > Raunverulegir eigendur lögaðila eru í áhættu-hópi vegna stjórn-málalegra tengsla.
- > Áhættumat gefur til kynna aukna áhættu.

## Raunverulegur eigandi

Raunverulegur eigandi er alltaf einstaklingur. Hann er sá sem getur tekið ákvörðun um ráðstöfun fjármuna og stjórnun og nýtur góðs af eignum. Munur er á lagalegum og raunverulegum eiganda. Raunverulegur eigandi telst m.a. vera:

### Í tilviki lögaðila:

- > Einstaklingur eða einstaklingar sem eiga eða stjórna meira en 25% hlut í lögaðilanum, ráða yfir meira en 25% atkvæðisréttar eða teljast á annan hátt hafa yfirráð yfir lögaðila. Þetta á ekki við um lögaðila á skipulegum markaði.
- > Ef ekki er mögulegt að finna raunverulegan eiganda eða ef vafi leikur á um eignarhaldið, skal sá eða þeir sem stjórna starfsemi lögaðilans teljast raunverulegir eigendur.

### Í tilviki fjárvörslusjóða og sambærilegra aðila (allir eftirtaldir ef við á):

- > Fjárvörsluaðili.
- > Stofnaðili.
- > Ábyrgðaraðili.
- > Rétthafi, einn eða fleiri. Ef rétthafi er ekki tilgreindur telst rétthafi vera sá eða þeir sem munu njóta ávinnings af stofnun fjárvörslusjóðs eða sambærilegra aðila.
- > Aðrir sem hafa yfirráð, með beinum eða óbeinum hætti, yfir fjárvörslusjóði eða sambærilegum aðila.